

Fundargerð 107. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

107. / 14. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands

Haldinn á Djúpavogi 14.1.2013 á Hótel Framtíð

Heilbrigðisnefndarmenn viðstaddir:

Valdimar O. Hermannsson, Árni Kristinsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Andrés Skúlason, ,
Benedikt Jóhannsson og Eiður Ragnarsson.

Fjarverandi var Ólafur Hr. Sigurðsson

Starfsmenn viðstaddir:

Helga Hreinsdóttir, Leifur Þorkelsson, Hákon Hansson, Júlía Siglaugsóttir, Borgþór
Freysteinnsson

Formaður setti fund að loknum hádegisverði kl 13:00

Dagskrá:

1	Bókuð útgefin starfsleyfi	631
2	Málefni einstakra fyrirtækja og fyrirtækjaflokka	632
2.1	Sundlaugin í Selárdal	632
2.2	Skeljungur hf.	632
2.3	Tandrabergh ehf.	632
2.4	Dekkjaþjónusta Gunna Blikk, Ránargötu 2a, Seyðisfirði	632
2.5	Hringrás, Hjallaleiru 12, Reyðarfirði	632
3	Gældýramál, framhald af fundi 106	632
4	Erindi og bréf	633
4.1	Frá Umhverfis og auðlindaráðuneyti dags. 6.12.2012.	633
4.2	Frá Umhverfis og auðlindaráðuneyti dags. 27.12.2012.	633
	<i>Frestað sbr. bókun hér að ofan.</i>	633
4.3	Upplýsingalög nr. 140/2012.	633
5	Skýrslur um fráveitumál	633
6	Fjármál og stjórnsýsla	634
6.1	Fjárhagsleg staða í árslok 2012	634
6.2	Skuldarar og afskriftir	634
6.3	Stofnanasamningur HAUST og FÍN	634
7	Yfirlit yfir starfið á árinu 2012 og starfsáætlun 2013	635
7.1	Starfsmannamál	635
7.2	Starfsáætlun ársins 2013	635
8	Framsal eftirlitsverkefna frá Umhverfisstofnun (UST)	636
8.1	Erindi frá UST	636
8.2	Samningur um eftirlit með sorpförgun.	636
9	Framsal eftirlitsverkefna frá Matvælastofnun (MAST)	636
9.1	Erindi frá Matvælastofnun, tölvupóstur dags. 11.11.2012	636
10	Eftirlit frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)	637
11	Önnur mál	637
11.1	Tillaga að næstu fundum	637
11.2	Hreinsun fráveitu frá atvinnustarfsemi	637
11.3	Myglusveppir í húsum	637
11.4	Meðferð fundargerða	637
11.5	Eiðastaður	637
11.6	Fjárhagsáætlun 2013	637
11.7	Kamínur	637

1 Bókuð útgefin starfsleyfi

690 Vopnafjarðarhreppur

- a) **Jónína Gísladóttir**, kt. 130269-4279. Tímabundið starfsleyfi fyrir **Þorablót í Miklagarði** þann 26.1.2013. Leyfið útgefið 3.1.2013
- 700-701 Fljótsdalshérað
- b) **Halla Eiríksdóttir**, kt. 180859-2849. Tímabundið starfsleyfi fyrir framleiðslu á sápum til sölu á **jólamarkaði Barra** 15.12.2012.
- c) **Gunnþóra Snæþórsdóttir**, kt. 310352-4389. Starfsleyfi til að stunda **nálarstungur** í húsnæði **Snyrtistofunnar Öldu, Tjarnarbraut 19**, Egilsstöðum. Leyfið útgefið 19.12.2012 en gildir frá 1.1.2013-1.1.2017.
- d) **Fljótsdalshérað**, kt. 481004-3220. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **áhaldahús að Tjarnarási 9**, 700 Egilsstaðir. Leyfi útgefið 20.12.2012.
- e) **Biggi Vill ehf.**, kt. 710707-0140. Endurskoðað starfsleyfi fyrir **skemmtistað án matsölu** í gömlu símstöðinni, **Kaupvangi 2** á Egilsstöðum. Leyfi endurskoðað 22.12.2012.
- f) **Bilanaust ehf.**, kt. 411112-0390. Starfsleyfi fyrir **verslun með efnavöru o.fl. að Lyngási 13**, 700 Egilsstaðir. Breyting á rekstaraðila, var áður N1. hf. Leyfi útg. 27.12.2012
- g) **Hjördís Hilmarsdóttir**, kt. 190451-4029 f.h. **Þorablótsnefndar Valla-og Skóga** kt. 610105-1490. Tímabundið starfsleyfi fyrir **þorablót á Iðavöllum** 2.2.2013. Leyfið útgefið 3.1.2013.
- h) **Þorablótsnefnd Egilsstaða**, kt. 461212-0420. Tímabundið starfsleyfi fyrir **Þorablót Egilsstaða** í íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum Tjarnarbraut 24 á bónadag, 25. janúar 2013, kl. 18:00-04:00. Ábyrgðarmaður: Pálmi Kristmannsson, kt. 280352-3819. Leyfi útgefið 5.1.2013.

710 Seyðisfjarðarkaupstaður

- i) **Björgunarsveitin Ísólfur**, kt. 580484-0349. Starfsleyfi/endurnýjun fyrir **Áramótabrennu að Strandarbakka**. Leyfið útgefið 19.12.2012.
- j) **El Grilló ehf.**, kt. 690903-2020. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **skemmtistað að Norðurgötu 3**. Leyfi útgefið 2.01.2013.
- k) **Katla Grill ehf.**, kt. 461011-1520. Nýtt starfsleyfi fyrir **matsöluvagn** á Seyðisfirði. Leyfi útgefið 4.1.2013.
- l) **Þorablótsnefnd Seyðisfjarðar**, kt. 6803942109. Tímabundið starfsleyfi vegna Þorablóts í íþróttahúsinu á Seyðisfirði þann 26.1.2013. Ábyrgðarmaður Kolbrún E. Pétursdóttir, kt. 010373-4689. Leyfi útgefið 8.1.2013.

730 Fjarðabyggð – Reyðarfjörður

- m) **Lísa Björk Bragadóttir**, kt. 260265-3349. Tímabundið starfsleyfi fyrir **Þorablót Reyðarfjarðar** kt. 480102-3550 haldið í **Íþróttahúsið Reyðarfjarðar** 25.1.2013. Leyfið útgefið 3.1.2013.

735 Fjarðabyggð – Eskifjörður

- n) **N1 hf.**, kt. 540206-2010. Endurnýjun tímabundins starfsleyfis fyrir **sjálfsagreiðslubensínstöð með ofanjarðartanki fyrir eldsneyti. Strandgötu 16**, 735 Fjarðabyggð. Leyfið gildir til 31.6.2013 og var útgefið 20.12.2012.

780-785 Hornafjörður

- o) **Farfuglaheimilið Nýibær ehf.**, kt. 471298-2209. Starfsleyfi endurnýjun fyrir **Farfuglaheimilið Nýjabæ**, Hafnarbraut 8. Leyfið útgefið 19.12.2012
- p) **Vatnajökulspjóðgarður**, kt. 441007-0940. Starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir í **Múlakoti við Kollumúla** í Lónsöræfum. Leyfi útgefið 3.1.2013.

2 Málefni einstakra fyrirtækja og fyrirtækjaflokka

2.1 Sundlaugin í Selárdal

Erindi frá sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps. Gerð er grein fyrir áformum um úrbætur á sundlauginni í Selárdal og óskað eftir áframhaldandi starfsleyfi.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að óska eftir tímasettri aðgerðaráætlun um úrbætur á sundlauginni fyrir næsta nefndarfund og á honum verði tekin ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.

2.2 Skeljungur hf.

Aths. hafa verið gerðar við aðbúnað á nokkrum af bensínstöðvum Skeljungs, ýmist út af aldri tanka eða út af ófullnægjandi plönum. Frestur var veittur til að leggja fram tímasettar áætlanir til úrbóta.

Skeljungur sendi tölvupóst þann 27.12. og óskaði eftir fresti til að svara, þ.e. svara í 2. viku janúarmánaðar.

Helga gerir grein fyrir málinu. Nefndin samþykkir að ræða málefni bensínstöðva Skeljungs á næsta fundi nefndarinnar

2.3 Tandraberg ehf.

Starfsleyfi rann út 31.12.2012. Kröfum um að tengja olíuskilju hafði ekki verið sinnt og því ekki forsendur til að endurnýja starfsleyfið.

Bréf barst í tölvupósti þann 3.1.2013 þar sem óskað er eftir starfsleyfi til 1.5.2013 og úrbótum í fráveitumálum fyrir þann tíma heitið.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að gefið verði út starfsleyfi með gildistíma til 1.5.2013. Á starfsleyfistímanum verði lokið við að setja niður olíuskilju. Starfsleyfið verði ekki endurnýjað nema verkinu verði lokið.

2.4 Dekkjaþjónusta Gunna Blikk, Ránargötu 2a, Seyðisfirði

Gamall olíutankur er í jaðri lóðar. Tankurinn er orðinn eldri en 25 ára og því hefur verið gerð krafa um að hann verði tekinn upp. Þann 28.12. 2012 var sent ítrekunarbréf með kröfu um tímasettar áætlanir um hvernig og hvenær úr verði bætt. Frestur til svara er miður febrúar 2012.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsmenn gangi hart eftir því að gamlir tankar verði fjarlægðir

2.5 Hringrás, Hjallaleiru 12, Reyðarfirði

Malbikað plan á starfsstöðinni hefur verið götótt frá árinu 2011. Áform um að steypa í götin hafa enn ekki gengið eftir.

Með bréfi dags. 5.1.2013 var fyrirtækinu tilkynnt að málið yrði kynnt á fundinum. Einnig að HHr myndi leggja til að lokafrestur yrði veittur til 1.6.2013.

Í tölvupósti barst bréf dags. 11.1.2013 frá fyrirtækinu þar sem lýst er yfir að á starfsstöðinni verði innleitt gæðakerfið ISO 14001 á árinu 2013 og starfseminni lýst. Fram kemur að leitað hafi verið til verktaka um að laga planið í janúar, en farsælla þykir að bíða til vors.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita fyrirtækinu lokafrest til 1.6.2013 til að lagfæra planið, en frekari tafir hafi hugsanlega í för með sér beitingu þvingunarúrræða.

3 Gæludýramál, framhald af fundi 106

Nokkrir aðilar fengu send bréf dags. 16.11.2012 þar sem þeim var gefinn kostur á að láta ormahreinsa gæludýr sín og skrá þau skv. samþykktum Fjarðabyggðar. Í bréfinu var kynnt að ef menn gerðu ekki grein fyrir sér og lykju skráningu dýranna myndi

heilbrigðisnefnd íhuga að láta taka dýrin af heimilum. Einungis þrír af þeim sem fengu bréf höfðu ekki gengið frá skráningu dýranna þegar heilbrigðisnefnd fundað þann 12.12. sl. Á þeim fundi var frkvstj. falið að rita þeim bréf og tilkynna um áform um að óska fulltingis lögreglu til að fjarlægja dýrin af heimilum skv. reglum þar um. Bréf þessa efnis voru pósthöfð 19.12. sl. með hvatningu um að fullnægja kröfum og fá dýrin skráð og senda tilkynningu þar um til HAUST fyrir 14.1.2012 auk þess sem andmálréttur var enn veittur.

Þrír aðilar fengu slík ábyrgðarbréf. Síðan hafa tveir komið málum sínum í lag, en einn er eftir: Alexander F. Sigurðsson Joensen, Mánagötu 5, 730 Reyðarfjörður.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita Alexander lokafrest til 1. febrúar 2013, hafi ekki verið sótt um leyfi fyrir þann tíma verði óskráð dýr fjarlægð af heimili hans. Óskað verður eftir aðstoð lögreglu ef þörf krefur.

4 Erindi og bréf

4.1 Frá Umhverfis og auðlindaráðuneyti dags. 6.12.2012.

Sbr. bókun af 106. Fundi nefndarinnar.

Bréfið lagt fram til kynninga. Í því er vakin er athygli á breytingu á lögum nr. 23/2006um upplýsingarétt um umhverfismál. Breytingin tók gildi þann 27.3.sl. og í henni er kveðið á um frumkvæðisskyldu stjórnvalda til að veita upplýsingar um umhverfismál. Stjórnvöld sem falla undir lögin skulu vinna að því að gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi og er stjórnvöldum ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.

Tillaga um að fresta enn umfjöllun um þennan lið, enda eru en óbirtar breytingar á reglugerðum um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi og fyrir mengunarvarnaeftirlit sem gerðar eru m.a. á grunni þessara laga.

4.2 Frá Umhverfis og auðlindaráðuneyti dags. 27.12.2012.

Kynntar væntanlegar breytingar á reglugerðum um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi og fyrir mengunarvarnaeftirlit.

Frestað sbr. bókun hér að ofan.

4.3 Upplýsingalög nr. 140/2012.

Kynnt ný upplýsingalög. Með þeim eykst upplýsingaskylda stjórnvalda. „Þau skulu vinna að því að með markvissum hætti að gera málaskrár, lista yfir gögn mála og gögnin sjálf opinber með rafrænum hætti.“ (úr fréttabréfi MAST 10.1.2013)

Lagt fram til kynningar.

5 Skýrslur um fráveitumál

Á sl. tveim árum hafa starfsmenn HAUST tekið strand- og vatnssýni við alla þéttbýliskjarna á starfssvæðinu í samráði við sveitarstjórnir. Sveitarfélögin hafa greitt fyrir beinan útlagðan kostnað HAUST. Vatnssýnin hafa verið tekin úr fjörum og rannsókuð m.t.t. saurkólígerla og enterókokka eingöngu. Með þessu hafa fengist hugmyndir um hreinleika stranda í þéttbýliskjörnunum sem alla jafnan eru viðtakar skólps frá þeim.

Kynntar voru skýrslur með niðurstöðum örverurannsókna á strandsjó og þær ræddar, einnig var fjallað um fráveitumál frá sveitarfélögunum almennt. Rætt var um tilkynningarskyldu stjórnvalda í umhverfismálum varðandi niðurstöður og birtingu þeirra Sbr. bókun af fundi nr. 106, 12.12.12 og lið 4.1. hér að ofan.

Samþykkt að sveitarfélögum á starfssvæði HAUST verði send bréf þar sem fram kemur að málið hafi verið rætt í nefndinni. Jafnframt komi fram að gert sé ráð fyrir að frá og með næstu áramótum verði gefin út starfsleyfi á fráveitur allra sveitarfélaga í samræmi gildandi lög og reglugerðir

6 Fjármál og stjórnsýsla

6.1 Fjárhagsleg staða í árslok 2012

Bráðabirgðauppgjör fékkst frá bókhaldara í fyrstu viku janúar. Helstu niðurstöðutökur eru þessar – fjárhagsáætlun 2013 er sett í töfluna til samanburðar.

	áætlun 2012	bráðabirgða- uppgjör 2012	áætlun 2013
Rekstartekjur	47.001.754	51.702.441	48.990.263
Rekstrargöld	46.701.062	46.410.711	48.894.500
niðurst án fjármagnsliða	300.692	5.291.730	95.763

Ath. ekki hefur verið tekið tillit til afskrifta í niðurst 2012

Sértekjur urðu meiri en gert var ráð fyrir í áætlun eða 9,7 millj. í stað 5 á áætlun, aðallega er um að ræða umframtekjur vegna vinnu fyrir UST 2,7 í stað 1,9 á áætlun og endurgreiddur útlagður kostnaður vegna rannsókna 3,8 í stað 1 millj. á áætlun.

Rekstargjöld voru innan marka þrátt fyrir að laun og starfsmannakostnaður sem og akstur og ferðakostnaður færu lítillega fram úr áætlun (akstur 4,6 í stað 3,7 millj. á áætlun) auk þess sem kostnaður vegna rannsóknastofu fór 1,4 millj. fram úr áætlun, en þar eru tekjur á móti.

Nefndin fagnar jákvæðri niðurstöðu

6.2 Skuldarar og afskriftir

Umræðu frestað.

6.3 Stofnanasamningur HAUST og FÍN

Í samræmi við bókun af 106. fundi heilbrigðisnefndar hefur frkvstj. í samráði við varaformann gengið frá stofnanasamningi milli HAUST og FÍN. Um er að ræða aðlögun að nýrri launatöflu en ekki breytingar á launum starfsmanna.

Í framhaldinu telur frkvstj. æskilegt að endurnýja ráðningarsamninga allra starfsmanna þar sem röðun inn í kerfið skv. nýjum stofnanasamningi komi fram í ráðningarsamningum, en að öðru leyti yrðu þeir óbreyttir.

Frkvstj. falið að leggja drög að nýjum ráðningarsamningum fyrir formann og varaformann.

7 Yfirlit yfir starfið á árinu 2012 og starfsáætlun 2013

Eftirlitsáætlun gekk að mestu leyti eftir, þó urðu reglubundnar eftirlitsferðir aðeins færri en áætlun gerði ráð fyrir. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda eftirlits- og sýnatökuferða í fyrirtækjum á eftirlitsskrá:

Eftirlitsferðir í skráðum fyrirtækjum:		Sýnatökur í skráðum fyrirtækjum	
Fjöldi á áætlun	668	Fjöldi á áætlun	163
Eftirlitsferðir farnar skv. áætlun	645	Sýnatökuferðir farnar skv. áætlun	156
Eftirlitsferðir alls	715	Sýnatökuferðir alls	203

Erfitt var að ná yfirferð enda hafa mörg mál komið uppá á árinu sem hafa krafist aukavinnu. Má þar sem dæmi nefna umsóknir um starfsleyfi vegna fiskeldis, allmikið af skoðunum skipa vegna sóttvarnavottorða, aukaverk skv. ósk Umhverfisstofnunar, vinna vegna vatnasvæðanefnda, námskeið og skýrsluvinna til MAST vegna ESA og EFTA heimsókna.

7.1 Starfsmannamál

Í ljósi mikils vinnuálags, góðrar afkomu sl. árs og viðbótartekna vegna óska UST um aukin eftirlitsverkefni (liður 9.1) er lagt til að heilbrigðisnefnd samþykki heimild til að auglýsa eftir sumarstarfsmanni.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að heimila ráðningu sumarstarfsmanns í allt að 3 mánuði. Kjör fari skv. gildandi kjarasamningum. Formanni og staðgengli falið að vinna málið áfram.

7.2 Starfsáætlun ársins 2013

Eftirlitsáætlun er unnin inn í fyrirtækjalista HAUST og þá einnig sýnatökuáætlun, þ.e. sýnatökur sem greitt er fyrir með eftirlitsgjöldum. Áætlanir þessar eru unnar skv. leiðbeiningum í reglugerðum þar að lútandi.

Sýnataka af neysluvatni:

Sem dæmi má nefna neysluvatnsreglugerð þar sem kveðið er á um fjölda reglubundinna sýna eftir íbúafjölda:

ÍBÚAFJÖLDI Á VEITUSVÆÐI (1)	REGLUBUNDIÐ EFTIRLIT FJÖLDI SÝNA Á ÁRI (2), (3) OG (4)	HEILDARÚTTEKT FJÖLDI SÝNA Á ÁRI (2), (4) OG (5)
Færri en 150	Annað hvert ár	Ákvörðun heilbrigðisnefndar í samráði við Hollustuvernd ríkisins
151 – 500	1	Ákvörðun heilbrigðisnefndar í samráði við Hollustuvernd ríkisins
501 – 1 000	4	1
1 001 – 5 000	4	1

Heildarsýni hafa verið tekin árlega í stóru vatnsveitunum og sveitarfélögin hafa greitt útlagðan kostnað (ekki innifalið í reglubundnu eftirlits- og sýnatökugjaldi.

Heilbrigðisnefnd samþykkir ofangreint verklag, einnig að úr vatnsveitum sem hafa færri en 500 íbúa skuli ekki tekin heildarsýni. Heilbrigðisnefnd samþykkir ennfreður að í neysluvatnsveitu Fjarðabyggðar á Eskifirði verði tekin tvöfalt fleiri reglubundin sýni en gert er ráð fyrir í reglugerðinni vegna viðkvæms vatnstökusvæðis. Þessi ákvörðun verði endurskoðuð um leið og aðstæður við vatnstökuna batna eða geislun vatnsins tekin upp.

Sýnatökur af matvælum öðrum en neysluvatni

Af hálfu matvælahóps hafa jafnan verið sýnatökuverkefni á landsvísu, sem HAUST hefur lagt áherslu á að taka þátt í. Verði ekki af slíku samstarfsverkefni hafa starfsmenn áhuga á að setja upp eigið verkefni.

8 Framsal eftirlitsverkefna frá Umhverfisstofnun (UST)

8.1 Erindi frá UST

Erindi barst í tölvupósti dags. 19.12.2012, þar sem óskað var eftir að HAUST sinnti eftirliti á árinu 2013 með sömu fyrirtækjum og árið 2012 á Norðurlandi eystra, sbr. e-lið fyrstu greinar í samkomulagi UST og HAUST, þ.e.

- Ísfélag Vestmanneyja Þórshöfn,
- Urðunarstaði við Bakkafjörð, Kópasker og Þórshöfn.

Af hálfu starfsmanna er vilji til að taka þessi verkefni og var UST tilkynnt að svo yrði. Þetta hefur í för með sér viðbótartekjur að upphæð rúml 400 þús að fráðregnum beinum útlögðum kostnaði.).

Heilbrigðisnefnd fellst á að sinna ofangreindum verkefnum skv. ósk UST.

8.2 Samningur um eftirlit með sorpförgun.

Uppsögn samnings um að HAUST fari með eftirlit með sorpförgun og spilliefnamóttöku tekur gildi í árslok 2013

Heilbrigðisnefnd samþykkir að óska eftir endurnýjun samnings við UST um eftirlit með sorpflokkun og spilliefnamóttöku.

9 Framsal eftirlitsverkefna frá Matvælastofnun (MAST)

9.1 Erindi frá Matvælastofnun, tölvupóstur dags. 11.11.2012

MAST og UST sögðu gagnkvæmt upp samningi um framsal verkefna seint á árinu 2012. HAUST, heilbrigðiseftirlitssvæðin á Suðurlandi og Norðurlandi eystra voru öll sammála um að hafna samningi sem MAST gerði þessum svæðum fyrir áramót.

Um var að ræða 8 fyrirtæki, en vegna breyttrar reglugerðar munu líklega aðeins 4 þeirra endanlega flytjast yfir til MAST og þau munu eftir sem áður þurfa eftirlit HAUST v. mengunarvarna. Uppsögn samningsins mun hafa í för með sér lítilsháttar lækknun tekna.

10 Eftirlit frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Dagana 21.-25. janúar verða aðilar frá eftirlitsstofnun ESA á landinu vegna úttektar á fyrirkomulagi eftirlits með vatnsveitum. Tilkynt hefur verið að þeir heimsæki HAUST þann 22.1.

11 Önnur mál

11.1 Tillaga að næstu fundum .

27.2. miðvikudagur símfundur
10.4. miðvikudagur símfundur
Lok maí eða byrjun júní snertifundur

Ofangreind tillaga samþykkt.

11.2 Hreinsun fráveitu frá atvinnustarfsemi

Rætt um stefnu varðandi hreinsivirki á fráveitu frá atvinnustarfsemi.

Samþykkt að gefa öllum þeim fyrirtækjum sem eiga að hafa hreinsivirki á fráveitum sínum frest til 5 ára til að setja upp hreinsivirki (olíu eða fituskiljur) á fráveitur sínar.

11.3 Myglusveppir í húsum

Rætt var um myglusveppi í húsnæði og aðkomu HAUST að málaflokknum. Talsvert er um það að haft sé samband við HAUST vegna myglu í húsnæði. HAUST hefur ekki yfir að ráða búnaði til að staðfesta myglu í húsnæði en hefur annast skoðun á íbúðarhúsnæði að ósk leigutaka auk ráðlegginga varðandi umgengni innanhúss.

11.4 Meðferð fundargerða

Rætt um verklag við ritun og staðfestingu fundargerða heilbrigðisnefnafunda.

11.5 Eiðastaður

Fram kom fyrirspurn um málefni Eiðastaðar. Engin formleg erindi hafa borist HAUST varðandi úrbætur á fráveitumálum frá staðnum.

11.6 Fjárhagsáætlun 2013

Rætt um hvort nauðsynlegt sé að leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun með hliðsjón af auknum verkefnum og viðbótar launakostnaði vegna sumarafleysinga, sbr. fyrri bókanir hér að ofan..

Nefndin er sammála um það að ekki þurfi að endurskoða áætlunina enda ekki gert ráð fyrir því að veruleg frávik verði frá samþykktari áætlun.

11.7 Kamínur

Fjallað var um notkun á kamínunum til upphitunar á íbúðarhúsnæði.

Fundi slitið kl. 15:40

Fundargerðin færð í tölvu af Helgu Hreinsdóttur og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Gerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

Valdimar O. Hermannsson

Árni Kristinsson

Sigurlaug Gissurardóttir

Andrés Skúlason

Eiður Ragnarsson

Benedikt Jóhannsson

Helga Hreinsdóttir

Leifur Þorkelsson

Hákon Hansson

Júlía Siglaugsdóttir

Borgþór Freysteinsson